

Gámaþjónusta Norðurlands ehf

Rangárvöllum

603 Akureyri

Reykjavík, 25. nóvember 2019

UST201901-199/S.M.

08.14.02

Reglubundið eftirlit í Gámaþjónustu Norðurlands


Þann 3. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Gámaþjónustu Norðurlands á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Gildi á olíu/fitu, súrefnisþörf (COD) og svifögnum (TSS) eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum hafði ekki verið skilað við eftirlit en rekstraraðili hefur bætt úr því og telst frávíkinu því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávíki frá gr. 5.3 í starfsleyfi í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. desember, 2019.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir



Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra (Gámaþjónusta Norðurlands) Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	3.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Terra (Gámaþjónusta Norðurlands)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram við eftirlit er varða skil á skráningum og losunarmörk í fráveitu. Rekstraraðili sendi inn skráningar í kjölfar eftirlitsins og er því frávíki því lokið. Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun ef þörf er á.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Gámaþjónustu Norðurlands og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og mælingar (gr. 5.1 og 5.2)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.4 og 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.13)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Í spilliefnamóttökunni er heimilt að taka á móti allt að 900 tonnum af úrgangi á ári til flokkunar, pökkunar, frágangs og geymslu. Árið 2018 var tekið á móti rétt rúnum 475 tonnum af úrgangi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er úrgangurinn ýmist fluttur til Efnamóttökunnar í Hafnarfirði eða settur um borð í skip á Akureyri og fluttur beint út eftir að hafa verið meðhöndlaður hjá Gámaþjónustunni.

Niðurstöður skráninga og mælinga höfðu ekki borist við eftirlit en rekstraraðili hefur bætt úr því. Niðurstöður mælinga sýna að gildi á fitu, súrefnisþörf (COD) og svifögnum (TSS) eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og í því samhengi rætt um viðbragðsáætlun rekstraraðila. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Rætt var um niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu en þar kom fram að staðið hefur til að aðskilja fráveitu spilliefnamóttöku og móttökustöðvar. Fram kom að verið sé að teikna þessa breytingu og framkvæmdir því ekki hafnar. Rekstraraðili hefur fest kaup á skýli sem byggt verður yfir planið þar sem meðhöndlun spilliefna fer fram og verður samtímis farið í breytingar á fráveitu og byggingu skýlisins.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni eftirlitsferða á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhliða vettvangsheimsóknum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Athafnasvæðið er snyrtilegt, skipulagt og ekki tilefni til athugasemda.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

gr. 5.3 í starfsleyfi

Gildi á olíu/fitu, súrefnisþörf (COD) og svifögnum (TSS) eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum hafði ekki verið skilað við eftirlit en rekstraraðili hefur bætt úr því og telst frávikinu því lokið.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

ANNÆÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra Alfreð Schiöth.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2019



Sigríður Magnúsdóttir